

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EUB) nr. 880/2011

2013/EES/28/06

frá 2. september 2011

um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 208/2011 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 að því er varðar skrár yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB og heiti þeirra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni, skyldur og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir matvæli og fôður og fyrir heilbrigði dýra og lifandi dýr. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 87/2011 frá 2. febrúar 2011 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði býflugna, um frekari skyldur og verkefni fyrir þá rannsóknarstofu og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004⁽²⁾ eru tilnefndar tilvísunarrannsóknarstofur ESB á sviði heilbrigðis býflugna og þeim bætt við skrána yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011 frá 2. mars 2011 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 að því er varðar

skrár yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB og heiti þeirra ⁽³⁾ kom í stað VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004. Hins vegar vantaði tilvísunarrannsóknarstofu ESB á sviði heilbrigðis býflugna í skrána yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum, sem er sett fram í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 208/2011.

- 4) Það er mikilvægt að uppfæra reglulega skrána yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 882/2004. Því ber að leiðrétta úrfellinguna í reglugerð (ESB) nr. 208/2011 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 208/2011, í skránni yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004, bætist við eftirfarandi 18. liður:

„18. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði býflugna
ANSES — Sophia-Antipolis Laboratory
Sophia-Antipolis
France.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. september 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 228, 3.9.2011, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 55/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 29.